

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa að almannaheill), 342. mál á 151. löggjafarþingi.

Samtök um kvennaathvarf styðja frumvarpið og telja mikilvægt að það verði að lögum til hagsbóta fyrir almannaheillafélög og samfélagið allt.

Samtök um kvennaathvarf eru frjáls félagasamtök sem reka neyðarathvörf í Reykjavík og á Akureyri fyrir konur og börn þeirra sem geta ekki lengur búið heima hjá sér vegna ofbeldis. Kvennaathvarfið sinnir einnig umfangsmikilli viðtalsþjónustu til stuðnings konum sem sætt hafa ofbeldi í nánnum samböndum auk þess að standa að fræðslu og rannsóknum um birtingarmyndir og afleiðingar heimilisofbeldis. Þannig fellur starfsemi félagsins undir skilgreiningu frumvarpsins um mannúðar- og líknarstarfsemi og almannaheill.

Starfsemi félagsins er fjármögnuð með árlegum framlögum af fjárlögum frá ríkinu og styrktarsamning við Reykjavíkurborg. Því til viðbótar eru styrkir frá einstökum sveitarfélögum auk framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og ýmsum líknarfélögum. Allar tekjur félagsins renna til þessarar starfsemi.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að einstaklingar og lögaðilar geti dregið frá gjafir og framlög til almannaheillasamtaka á bilinu 10 þús. kr. - 350 þús. kr. á ári. Þetta yrði mjög jákvætt skref. Á undanförunum árum hefur hlutfall styrkja frá einstaklingum skipt starfsemi Kvennaathvarfsins æ meira máli á meðan föst framlög frá opinberum aðilum hafa í besta falli fylgt verðlagsbreytingum, staðið í stað í krónutölu eða þurft að mæta almennri hagræðingarkröfu. Mikil óvissa er um árleg framlög sveitarfélaga þrátt fyrir að dvalarkonur í Kvennaathvarfinu og börn þeirra komi alls staðar af landinu. Til samburðar má benda á að skýr lagaákvæði eru nú í Noregi um skyldu sveitarfélaga til

að tryggja þolendum ofbeldis í nánnum samböndum neyðarathvarf. ¹ Fjöldi þeirra einstaklinga og lögaðila sem styðja við Kvennaathvarfið telur þúsundir. Því viljum við taka undir ábendingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar við meðferð málsins í Samráðsgátt stjórnvalda að hugað verði að því hvernig mætti nýta stafrænar lausnir þegar kemur að nýtingu gjafafrádráttar hjá skattinum.²

Í II. kafla og III.kafla frumvarpsins er lagt til að almannaheillafélög verði undanþegin fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum og arðstekjum og eigi rétt á endurgreiðslu VSK vegna byggingaframkvæmda. Kvennaathvarfið hefur staðið í uppbyggingu áfangaheimilis á undanförunum árum og vinnur að undirbúningi framkvæmda við fyrsta sérhannaða neyðarathvarfið á Íslandi. Í þeim tilgangi hefur félagið staðið í sérstakri fjáröflun og þurft að vera með fjármuni til ráðstöfunar á vaxtaberandi innlánsreikningum til að geta staðið skil á skuldbindingum við byggingaframkvæmdir og greitt fjármagnstekjuskatt af þeim fjármunum. Sú breyting að afnema fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum ásamt möguleikanum á að fá endurgreiddan VSK af vinnu á verkstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum mun skipta Kvennaathvarfið mjög miklu máli bæði við byggingu hins nýja neyðarathvarfs og við þær stöðugu endurbætur og viðhald sem mannmargt heimili krefst. Yrði það til enn frekari hagsbóta ef undir þennan lið myndi falla hönnun og eftirlit þó sú vinna fari ekki fram á verkstað líkt og var í þeim ráðstöfunum sem gripið var til í því skyni að bregðast við efnahagsástandinu af völdum kórónuveirunnar, auk þess að hækka endurgreiðsluna úr 60% í 100%.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

¹ <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2009-06-19-44>

² [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=304f0536-a90c-eb11-9b9a-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=304f0536-a90c-eb11-9b9a-005056bcce7e)